

44. gr.

[69

Öll afbrigði frá reglum, sem settar eru í reglugjörð þessari, varða eftir 30. ágúst málavöxutm, sektum, hvort sem þær eru nefndar hjer að framan eða ekki. Sektir skal ákveða minst 10 kr., mest 400 kr. Sektir renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Með afbrot gegn reglugjörð þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

45. gr.

Nú rís ágreiningur útaf ákvæðum reglugjörðarinnar og varðar ágreiningurinn Seyðisfjarðarkaupstað, skera þá sýslunefndir og bæjarstjórnin úr ágreiningnum á sameiginlegum fundi og ræður þar afl atkvæða.

46. gr.

Allar eldri reglugjörðir um fjallskil og refaveiðar í Norðurmúlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað eru með reglugjörð þessari úr gildi feldar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Norður-Múlasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1926 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. ágúst 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

HAFNARREGLUGJÖRÐ

fyrir

Vestmannaeyjakaupstað.

70

30. ágúst

Samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, hefir ráðuneytið gefið út eftirfarandi hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað:

I. KAFLI.

e *Takmörk hafnarinnar.*

1. gr.

Vestmannaeyjahöfn skiftist í:

70
30. ágúst

- a. Innrihöfn,
- b. Ytrihöfn og
- c. Hafnarlegu.

Hafnarsvæði þessi eru:

- a. Innrihöfn er hinn svokallaði Botn og takmarkast af skjólgörðunum á Hringskerri og Hörgseyri og landinu í kring.
- b. Ytrihöfnin takmarkast af Heimaey, Heimakletti, Ystakletti að Klettanefi og línu frá því í Sigurðar-Rönku.
- c. Hafnarlegan er austan og norðan Heimaeyjar:
 1. Austan Heimaeyjar nær hún yfir svæðið, sem myndast innan við línur, sem dregnar eru úr Sigurðar-Rönku sunnan í Bjarnarey, þaðan í Elliðaey að norðvestan, þaðan í Faxasker, þaðan í Ystaklett og meðfram honum í Klettsnef og úr því í Sigurðar-Rönku.
 2. Norðurlegan nær yfir svæðið sem myndast innan við línur, sem dregnar eru úr Faxaskeri í Ystaklett með honum og Heimakletti, Eiði, Klifi og Dalbjalli móts við Grasleysu, í hana og þaðan í Faxasker.

II. KAFLI.

Stjórn hafnarmálanna.

2. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefnd hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sjer um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar. Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarvörður, undir umsjón hafnarnefndar.

3. gr.

Bæjarstjórn skipar hafnarvörð eftir að hafnarnefnd hefir gjört tillögur sínar um umsækjendur. Hafnarnefnd setur honum erindisbrjef. Til aðstoðar hafnarverði skulu vera svo margir starfsmenn, sem bæjarstjórn telur nauðsynlegt.

III. KAFLI.

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarvörður sjer um að gætt sje reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og ennfremur þeirra starfsmanna bæjarins, sem settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sjer órjettur ger

af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarnefnd, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

70
30. ágúst

5. gr.

Skylt er að gæta varúðar í meðferð elds og ljósa í bátum og skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja ljós, nema í eldavjel skipsins, nauðsynlegum ljósum og á lögboðnum ljóskerum.

Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu á eldfimri vöru. Áltíki hafnarvörður að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið uns gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarreglur.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, blakkfernis eða annað slíkt, sem eldhætta er að, í skipum á höfninni.

6. gr.

Bannað er að leggja aðkomuskipum eða aðkomubátum upp í hafnarfjöruna nema með leyfi hafnarvarðar. Ennfremur getur hafnarvörður bannað að leggja öðrum bátum eða skipum upp í fjöruna, ef það bagar vinnu við höfnina.

Sömuleiðis er bannað að setja vjelbáta upp í smábátahrófin eða annarsstaðar þar sem það hindrar nauðsynlegan aðgang að höfninni.

Enginn má, nema með sjerstöku leyfi hafnarvarðar, láta vjelbát standa yfir fjöru við bryggjur bæjarins og varðar minst 25 króna sekt ef út af er brugðið. Sjerhver formaður er skyldur að víkja með bát sinn frá bryggju, eða færa sig, eftir skipun hafnarvarðar.

7. gr.

Í Innrihöfnina má ekki kasta seglfestu, ösku, kolum, matarleifum, fiskúrgangi eða neinu slíku. Skal það flutt þangað sem hafnarvörður segir til.

Seglfestu má ekki taka annarsstaðar við höfnina, en hafnarvörður vísar til, og þarf leyfi hans í hvert skifti. Úr Eiðinu má hvorki taka sand nje grjót.

Við höfnina má ekki gjöra nein hafnarmannvirki, nje breyta eða auka við þau hafnarmannvirki, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp nje dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til, og gildir leyfið aðeins til árs, sje það látið ónotað.

IV. KAFLI.

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ekki ferma eða afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi affermingu eða fermingu annara skipa og skulu þau

70 jafnan skyld að hlýða boðum hafnsögumanns, hafnarvarðar og annara starfsmanna hafnarinnar, um það hvar þau megi liggja, eða leggjast. Skipum, sem **30. ágúst** ekki er verið að ferma eða afferma og liggja að nauðsynjalausu á Innrihöfn, getur hafnarvörður skipað að fara út, sje þess þörf, til að önnur skip geti komist að til afgreiðslu.

Skipum og bátum má ekki leggjja svo að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast formaður eða eigandi, við að hlýða boðum hafnarvarðar eða hafnsögumanns um að flytja skip sitt, bát, eða strengi á höfninni, og er þeim þá heimilt að láta gjöra það á kostnað og ábyrgð eiganda og formanns.

9. gr.

Jafnan skal vera vörður úti í þeim bátum, sem liggja fyrir eigin festum á Innrihöfn, og ennfremur í öllum aðkomuskipum, hvort sem þau liggja fyrir hafnarfestum eða eigin festum. Þegar ástæða þykir til, getur hafnarvörður fyrirskipað vörð í bátum, sem liggja við hafnarfestar.

10. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það að álitu hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið burt á kostnað eigandans, og er heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

Lögtaksrjettur fylgir kröfu hafnarnefndarinnar á hendur eiganda eða leigjanda skips.

V. KAFLI.

Afnot á hafnarbryggjum.

11. gr.

Bátar mega ekki liggja við bæjarbryggjurnar, nema meðan verið er að losa þá eða ferma. Þó getur hafnarvörður leyft að hafa báta við bryggjurnar til viðgerðar, eða meðan verið er að vinna annað að þeim, ef eigi er til boga afgreiðslu annara báta.

12. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggjum eða annarsstaðar á landi hafnarinnar en þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sjerstöku leyfi hafnarvarðar. Vörur skal tafarlaust flytja burt, þegar hafnarvörður krefst þess.

Ef vörur eða annað er látið liggja á bryggjunum eða á svæðinu upp af bryggjunum, má heimta gjald fyrir, er ákveðst af hafnarnefnd í hvert skifti.

Fyrir afnot af bryggjum bæjarins greiði kaupmenn, skipaafgreiðslur og aðrir atvinnurekendur, sem flytja að eða frá vörur um skemri eða lengri tíma 10 til 1500 krónur um árið, eftir ákvörðun hafnarnefndar. Ákvæði þetta nær þó eigi til þeirra, sem sjálfir hafa bryggjur við höfnina til almenningsafnota endurgjaldslaust, þegar ekki kemur í bága við afnot þeirra sjálfra, og skulu þeir ekkert gjald greiða. 70
30. ágúst

VI. KAFLI.

Lestagjald.

13. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, vjelskip, bátar, hverskyns uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm eða með vörur eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn er þau leggjast á Innri eða Ytri höfn, þó með þeim undantekningum, er síðar getur. Gjaldið skal reiknað af nettó burðarmagni skipsins sje ekki öðruvísi ákveðið, talið í heilum tonnum, og er hálf tonn talið sem heilt en minna broti slept.

14. gr.

- a. Allar fleytur, sem heima eiga í Vestmannaeyjum og minni eru en 50 smálestir, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 1. maí, 10 krónur fyrir hvert tonn af brúttó stærð skipsins eða fleytunnar, þó aldrei minna en 50 krónur.

Aðkomubátar og skip, sem stunda fiskveiðar hjeðan, og liggja á Innri höfn, greiði 3 krónur fyrir hverja smálest af brúttó stærð fyrir vikuna.

Gjaldldagi fyrir aðkomubáta og skip, er eftir hverja viku.

- b. Innland fiskiskip, hverju nafni sem nefnast, svo og öll skip, sem eru eingöngu í innanlands siglingum, skulu greiða lestagjald 30 aura fyrir hvert tonn, þó ekki oftast en einu sinni á mánuði, þótt þau komi oftast til hafnar.
- c. Öll önnur skip, sem á tjeð hafnarsvæði koma (Innri og Ytri höfn), skulu greiða 40 aura lestagjald fyrir hvert tonn. Skip, sem eingöngu er í innanlands siglingum, skulu þó eigi greiða gjald þetta oftast en einu sinni á mánuði, og skip, sem hafa fastar áætlunarferðir milli Reykjavíkur og útlanda, greiði hjer hafnargjald aðeins einu sinni í hverri ferð, þó skipið komi við bæði á leið sinni út og upp, ef eigi líður lengra en vika á milli. Undanskilin hafnargjaldi eru skip, sem leita hafnar í neyð, björgunar-skip, herskip, skemtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsóknna. Hafnarnefnd er heimilt að semja um lægra gjald fyrir skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hvort sem er með ströndum landsins eða milli landa.
- d. Skip, sem liggja á Innrihöfn lengur en sólarhring, og ekki greiða lestagjald eftir staflið a., skulu auk áðurgreinds gjalds, greiða 20 aura lesta-

70
30. ágúst

gjald af hverju tonni fyrir sólarhring, meðan unnið er að afgreiðslu þeirra, þó eigi sje unnið heila daga, en aðeins 10 aura fyrir tonn aðra daga.

15. gr.

Skip, sem eiga að greiða lestagjald samkv. 14. gr. stafl. b. og c. ef þau leggjast á Innri eða Ytri höfn, skulu ef þau leggjast á Hafnarleguna greiða sama lestagjald og sem þau lögju á Ytrihöfn, ef þau afferma eða ferma vörur eða hafa viðskifti eða samband við Eyjarnar og ekki eru undanþegin lestagjaldi samkv. 14. gr. stafl. c.

16. gr.

Um hafnarfestar.

Hafnarfestum þeim, sem lagðar eru í Innrihöfn, skal haldið vel við og aukið við þær á kostnað hafnarsjóðs. Hafnarnefnd hefir umráð yfir festunum og ráðstafar þeim til eins árs í senn. Þó getur hafnarnefnd hvenær sem er gjört breytingar á niðurskipun báta á hafnarfestum, ef þörf þykir vegna dýpis, umferðar um höfnina, viðgerða á festum eða hafnargerðarinnar.

Vestmannaeyingar hafa forgangsrjett til að fá á leigu festar hafnarinnar til afnota fyrir báta, sem eru eign þeirra að öllu leyti.

Óheimilt er að framselja rjett sinn til að hafa festi, og þeir, sem hafa fengið festar hjá hafnarnefnd, mega aðeins nota þær sjálfir.

Bátar eða skip, sem fá leigðar festar hafnarinnar, skulu greiða í festar- og uppsátursgjald 15 krónur á smálest á ári í leigu, af brúttó stærð bátsins eða fleytunnar, fyrir styttri tíma, eftir því sem hafnarnefnd ákveður.

Gjalddagi festar- og uppsátursgjalds er 1. maí.

17. gr.

Fjörugjald.

Fyrir að leggja skipi yfir 30 smálestir, eða sem ekki á heima í Vestmannaeyjum, á fjöru til hreinsunar eða viðgerðar, skal greiða 10 aura af hverri smálest af nettóstærð skipsins, fyrir hvern sólarhring.

Hafnsögugjald.

18. gr.

Öll aðkomuskip, sem fara inn á Innrihöfn, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald eins og hjer segir, reiknað af nettóstærð skipsins;

a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar og frá:

	Inn:	Út:
Skip undir 100 smál. greiði	20 kr.	15 kr.
— frá 100 til 149 smál. greiði	30 —	20 —
— — 150 — 199 — —	35 —	30 —
— — 200 — 249 — —	45 —	35 —
— — 250 — 299 — —	55 —	45 —
— — 300 — 399 — —	65 —	60 —
— — 400 — 499 — —	80 —	70 —
— — 500 — 549 — —	90 —	85 —
— — 500 smál. og þar yfir	110 —	90 —

70
30. ágúst

b. Fyrir skip, sem þurfa aðstoðar hafnsögumanns á Ytrihöfn, hafnarlegu eða annarsstaðar kringum Eyjarnar, greiði helmingi minna gjald en undir stafl. a.

c. Fyrir að vera úti í skipum eða fara með þau til nærliggjandi hafna, kr. 20,00 á dag, auk gjalds þess, er áður greinir undir stafl. a. eða b.

Innlend skip eða bátar greiði hafnsögugjald einu sinni á ári, ef þau koma á Innrihöfn, nema þau noti aðstoð hafnsögumanns.

Vörugjald.

19. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land, eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, með undantekningum þeim, er síðar getur.

20. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- Vörur, er samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
- Vörur, sem á farmskrá skips eru ákveðnar til annara hafna en Vestmannaeyja, en eru látnar þar á land um stundarsakir, vegna skemda á skipi, eða í misgripum.
- Nýr og saltaður fiskur óverkaður og nýjar fiskiafurðir, þegar þetta er flutt á land í höfninni.
- Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, þegar þær eru fluttar úr landi.
- Póstur og farangur ferðamanna.
- Vörur og tæki til hafnarinnar og annara fyrirtækja bæjarins.
- Alt, sem flutt er milli eyjanna innbyrðis.

70

30. ágúst

Ef vörur, sem á farmskrá skips eru ákveðnar til annara hafna en Vestmannaeyja, eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar á land.

21. gr.

22. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip, og ákveðnar eru til annara hafna innanlands, greiðist hálf vörugjald.

23. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða rúmmáli með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur meira en helmingi, telst heil gjaldeining, hálf og brot hálf gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta bæjarstjóra í tje eftirrit af farmskrá skipsins. Sje engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt. Þyki bæjarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Við útreikning vörugjalds skal leggja saman hvern vöruflokk, sem saman stendur á farmskránni, ef móttakandi hjer eða sendandi hjer er einn og sami maður.

24. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald skal greiða eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna vörugjald lægra en 25 aura.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal bæjarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

25. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir 100 kg. Kal, salt, hey.
2. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg. Fullsaltaður en óþurkaður fiskur.
3. flokkur: Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg. Saltfiskur, sem eigi fellur undir annan flokk, steinolía, sement.
4. flokkur: Gjald 1 kr. fyrir hver 100 kg. Allar aðrar vörur, sem vant er að greiða flutningsgjöld fyrir eftir þyngd.

5. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hvert ten. fet. Trjáviður og þessháttar vörur, sem eru reiknaðar eftir rúmmáli. **70**
30. ágúst
6. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hvert ten. fet. Húsgögn, hljóðfæri og aðrar ljettavörur, sem eru reiknaðar eftir rúmmáli.
7. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hvert stykki. Tómar tunnur, sauðfje.
8. flokkur: Gjald kr. 2,00 fyrir hvert stykki, Nautgripir, hross.

26. gr.

Móttakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa bæjarstjóra skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið á höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörunar eru komnar á skip. Hafnarsjóður hefir haldsrjett á vörum uns gjaldið er greitt. Vörugjald má taka lögtaki.

VII. KAFLI.

Innheimta og greiðsla gjalda, hegningarákvæði o. fl.

27. gr.

Bæjarstjóri sjer um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans. Enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann með vottorði frá bæjarstjóra sanni, að hann hafi greitt öll gjöld til hafnarinnar.

28. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugjörð þessari renna í hafnarsjóð.

29. gr.

Formaður skips, báts eða fleytu, ber ábyrgð á greiðslu lesta-, festa- og uppsátursgjaldi. Eigandi skips ber og ábyrgð á öllum gjöldum samkvæmt reglugjörð þessari.

30. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugjörð þessari má taka lögtaki og hefir hafnarsjóður haldsrjett í skipum og bátum fyrir lesta-, festa- og uppsátursgjaldi.

70
30 ágúst

31. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

32. gr.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

33. gr.

Hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 11. des. 1920 og viðauki frá 7. júní 1924, breytingar frá 19. júní og 17. september 1924, er hjermeð úr gildi numið.

34. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. september 1926 og skal endurskoðast að minsta kosti á þriggja ára fresti.

Reglugjörð þessi birtist hjermeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. ágúst 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

71
1. sept.

REGLUR

um

flokkun og merking á ull til útflutnings.

1. gr.

Ull, sem hæf er til útflutnings, flokkast þannig:

I. flokkur. Öll hvít vorull, sem er þelgód, illhærulítill, greið, laus við fætlinga, vel þvegin og vel þur. Ull með gulleitu togi sje eigi útlökuð, ef þelið er vel hvítt og hún að öðru leyti fullnægir ofansögðu.

II. flokkur. Öll önnur hvít vorull, vel þvegin og vel þur, að undanskildum þó blökkum og mjög hörðum flókum.